

Reykjavík, 28. febrúar 2017
R14120133
6206

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið
Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, ráðherra
Sölvhólsögðu 7
150 REYKJAVÍK

Tillaga um griðasvæði hvala – hvalaskoðunarsvæði í Faxaflóa

Um leið og ég býð þig velkomna til starfa í sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið vil ég nota tækifærið og ítreka áskorun borgarstjórnar til Alþingis dagsett 18. nóvember 2014 varðandi stækkun griðarsvæðis hvala - hvalaskoðunarsvæði í Faxaflóa sbr. hjálagt bréf til Alþingis. Borgarráð óskaði einnig eftir rökstuðningi atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins vegna minnkunar griðasvæðis hvala í Faxaflóa þann 5. júlí 2013 sbr. hjálögð bréf.

Griðarmiklir hagsmunir íslenskrar ferðaþjónustu eru að veði. Uppbygging hvalaskoðunarfyrirtækja við Gömlu höfnina hefur styrkt og eflt fyrirtæki og mannlíf á svæðinu, þar sem þúsundir ferðamanna leggja leið sína á svæðið og njóta þar afþreyingar og þjónustu með tilheyrandi tekjuauka fyrir þjónustuaðila og Reykjavíkurborg. Stækkun griðarsvæðis og hvalaskoðunarsvæðis í Faxaflóa er því mikið hagsmunamál og legg ég áherslu á vilja Reykjavíkurborgar til að eiga gott samstarf um viðfangsefnið. Jafnframt minni ég á að samtök ferðaþjónustunnar hafa ítrekað lagt fram áþekkar áskoranir.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Bréf til Alþingis dags. 18. desember 2014 um stækkun griðarsvæðis hvala - hvalaskoðunarsvæði í Faxaflóa.

Bréf til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins dags. 15. júlí 2013 og 3. apríl 2014 vegna minnkunar griðasvæðis hvala í Faxaflóa.

Svarbréf atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins dags. 10. apríl 2014.

Reykjavík, 18. desember 2014
R14120133
HBL/újp

Alþingi

við Austurvöll
101 REYKJAVÍK

Tillaga um gríðasvæði hvala – hvalaskoðunarsvæði í Faxaflóa

Á fundi borgarstjórnar þann 16. desember 2014 var svohljóðandi tillaga samþykkt:

Borgarstjórn Reykjavíkur skorar á ríkisstjórnina að stækka gríðasvæði hvala – hvalaskoðunarsvæði í Faxaflóa og minnir á að gríðarmiklir hagsmunir íslenskrar ferðaþjónustu eru að veði. Uppbygging hvalaskoðunarfyrtækja við Gömlu höfnina hefur styrkt og eflt fyrirtæki og mannlíf á svæðinu, þar sem þúsundir ferðamanna leggja leið sína á svæðið og njóta þar afþreyingar og þjónustu með tilheyrandi tekjuauka fyrir þjónustuaðila og Reykjavíkurborg.

Helga Björk Laxdal
e.u.

Reykjavík, 15. júlí 2013
R09020078
590
HBL/rs

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið
Skúlagötu 4

150 REYKJAVÍK

Hvalaskoðun - hvalveiðar

Á fundi borgarráðs 11. júlí 2013 var lögð fram svohljóðandi bókun af fundi menningar- og ferðamálaráðs frá 24. júní 2013:

Menningar-og ferðamálaráð Reykjavíkurborgar ítrekar að hvalaskoðun er mikilvæg fyrir ferðapjónustu höfuðborgarinnar og er í samræmi við ferðamálastefnu Reykjavíkur 2011-2020. Allar hugmyndir um minnkun griðasvæðis hvala í Faxaflóa ber að íhuga vandlega þar sem ríkir hagsmunir íslenskrar ferðþjónustu eru að veði.

Borgarráð óskar hér með eftir rökstuðningi atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins vegna minnkunar griðasvæðis hvala í Faxaflóa.

Helga Björk Laxdal
e.u.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið

Skúlagötu 4
150 REYKJAVÍK


Hvalaskoðun - hvalveiðar

Á fundi borgarráðs 11. júlí 2013 var lögð fram svohljóðandi bókun af fundi menningar- og ferðamálaráðs frá 24. júní 2013:

Menningar-og ferðamálaráð Reykjavíkurborgar ítrekar að hvalaskoðun er mikilvæg fyrir ferðapjónustu höfuðborgarinnar og er í samræmi við ferðamálastefnu Reykjavíkur 2011-2020. Allar hugmyndir um minnkun gríðasvæðis hvala í Faxaflóa ber að íhuga vandlega þar sem ríkir hagsmunir íslenskrar ferðþjónustu eru að veði.

Með bréfi dags. 15. júlí 2013 óskaði borgarráð eftir rökstuðningi atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins vegna minnkunar gríðasvæðis hvala í Faxaflóa, sbr. meðfylgjandi bréf. Þar sem ekki hefur borist svar frá ráðuneytinu er hér með óskað aftur eftir áður nefndum rökstuðningi.

Helga Björk Laxdal
e.u.



Reykjavíkurborg
Helga Björk Laxdal
Ráðhúsinu
101 Reykjavík

ATVINNUVEGA- OG
NÝSKÖPUNARRÁÐUNEYTIÐ

Skúlagötu 4 150 Reykjavík
sími: 545 9700 postur@anr.is www.anr.is

Reykjavík 10. apríl 2014
Tilv.: ANR14040062/11.2.2

Efni: Hvalaskoðun - hvalveiðar

Vísað er til bréfs borgarráðs frá 3. apríl sl. þar sem óskað er eftir rökstuðningi atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins vegna minnkunar griðasvæðis hvala í Faxaflóa og sendir ráðuneytið sem svar meðfylgjandi fréttatilkynningu frá 5. júlí 2013.

Ráðuneytið biðst velvirðingar á því hvað hefur dregist að svara erindinu.

Fyrir hönd sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra

Ásta Einarsdóttir



Fréttatilkynning frá ráðherra sjávarútvegs- og landbúnaðarmála – Ný reglugerð um bann við hvalveiðum á tilteknum svæðum

5.7.2013

Í dag var gefin út reglugerð sem færir bannsvæði hvalveiða í Faxaflóa til fyrra horfs, til samræmis við þá ráðgjöf sem fyrir liggur.

Þessi breyting fellir úr gildi ákvörðun sem fyrrverandi ráðherra tók í maí sl. Sigurður Ingi, sjávarútvegs- og landbúnaðaráðherra hefur farið yfir grundvöll framangreindrar ákvörðunar og er niðurstaðan sú að hún hafi ekki verið tekin á málefnalegum forsendum.


Nær 80% allra hrefna sem veiddar hafa verið í Faxaflóa undanfarin ár eru fengnar á svæði sem með ákvörðuninni frá því í maí s.l. var bannað að stunda hrefnuveiðar á. Með henni var verulega að hagsmunum veiðanna vegið. Sjá myndir að neðan er sýna hrefnuveiðar í Faxaflóa 2010-2012.

Í fréttatilkynningu sem fylgdi þessari ákvörðun í maí s.l. kemur fram að við ákvörðun um afmörkun griðasvæðisins í Faxaflóa hafði þáverandi ráðherra að leiðarljósi hagsmuni hvalaskoðunar- og hrefnuveiðimanna og að jafnframt væri stuðst við tillögur meirihluta nefndar sem hafði verið falið að fjalla um það hvernig mörk milli hvalaskoðunar og hvalveiða skyldu afmörkuð í Faxaflóa. Tiltekið var að ákvörðun ráðherrans um nýtt griðasvæði hvalveiða í Faxaflóa gengi skemmra en tillögur meirihluta nefndarinnar. Nýtt griðasvæði hvala í Faxaflóa skyldi nú afmarkast frá Garðskagavita og beina línu norður að Skógarnesi.


Ákvörðunin í maí s.l. var ekki í samræmi við tillögur Hafrannsóknastofnunar um afmörkun svæða til hvalaskoðunar frá mars 2009. Eins lá fyrir álit stofnunarinnar frá 2012 um að ekki hafi verið sýnt fram á að meint aukin fælni hrefnu í Faxaflóa stafi af hvalveiðum á veiðisvæðinu.

Það er mat ráðherra að með þessari ákvörðun frá því í maí s.l. hafi hvorki verið horft til vísindalegra sjónarmiða né hagsmuna hrefnuveiða á svæðinu.


Sem fyrr er mikilvægt að stunda rannsóknir á hrefnu og að þær ákvarðanir sem teknar eru varðandi nýtingu þeirra, líkt og annarra sjávardýra, byggi á vísindalegum grunni.



Hrefnuveiði í Faxaflóa 2010. Bláa línan markar svæði skv. reglugerð 469/2013, en sú rauða markar svæði eins og það var fyrir setningu hennar og eins og það verður með nýrri reglugerð. Svörtu punktarnir sýna hvar hrefnan hefur veiðst.



Hrefnuveiði í Faxaflóa 2011. Bláa línan markar svæði skv. reglugerð 469/2013, en sú rauða markar svæði eins og það var fyrir setningu hennar og eins og það verður með nýrri reglugerð. Svörtu punktarnir sýna hvar hrefnan hefur veiðst.



Hrefnuveiði í Faxaflóa 2012. Bláa línan markar svæði skv. reglugerð 469/2013, en sú rauða markar svæði eins og það var fyrir setningu hennar og eins og það verður með nýrri reglugerð. Svörtu punktarnir sýna hvar hrefnan hefur veiðst.

Sjá nánar hér ([//sjavarutvegs-og-landbunadarmal/verkefni/malaflokkar/hvalveidar/](/sjavarutvegs-og-landbunadarmal/verkefni/malaflokkar/hvalveidar/))
